



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. apríl 2005

Tilvísun: UST20040600120/bs

## Efnistaka ofan Þórustaðanámu í Ingólfsfjalli, Sveitarfélaginu Ölfusi. Tilkynning um matsskyldu.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 30. mars sl. þar sem óskað er álitis Umhverfisstofnunar á matsskyldu ofangreindrar efnistöku. Jafnframt er vísað til tölvubréfs frá Skipulagsstofnun dags. 7. apríl sl. þar sem fram koma frekari upplýsingar um framkvæmdina.

**Núverandi náma:** Efnistaka úr sjálfri Þórustaðanámu hefur staðið síðan 1957. Frágangi hefur lítt verið sinnt og hafa ummerki um efnistöku verulega neikvæð áhrif á ásynd Ingólfsfjalls. Ekki er fjallað um mögulegan frágang námunnar í kynningarskýrslu.

Fyrirhugað er að taka alls 2.045.000 m<sup>3</sup> af efni á samfelldu svæði ofan núverandi fjallsbrúnar. Efnistöku er skipt í tvo áfanga. Í fyrsta áfanga er ráðgert að taka 45.000 m<sup>3</sup> af efni á um 1 ha svæði og að það svæði dugi fram á haust 2005. Í kynningarskýrslu er ekki gerður fyrirvari um að ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdarinnar kunni að hafa áhrif á fyrirhugaða efnistöku sumarið 2005.

**1. Áfangi:** Á þessu svæði er ráðgert að taka 45.000 m<sup>3</sup> á sama svæði og á sama hátt og sú efnistaka sem fram fór upp á Ingólfsfjalli 2004. Sú efnistaka hafði verulega neikvæð áhrif á ásynd fjallsins, því efni var ýtt fram af klettabelti efst á fjallinu og við það myndaði áberandi geil í fjallið jafnframt því sem brún fjallsins lækkaði. Ef framhald verður á efnistöku á þessu svæði er það álit Umhverfisstofnunar að ekki eigi að ýta efni niður af fjallinu með þeim hætti sem gert hefur verið til þessa heldur verði efni komið niður um þá rás sem fyrirhugað er að nýta við efnistöku í 2. áfanga. Umhverfisstofnun telur jafnframt að halda eigi ákveðnu belti, 50-100 metra breiðu, óröskuðu bæði vegna efnistöku og tilfærslu efnis til að draga úr sjónrænum áhrifum efnistökkunnar. Tiltölulega lítill hluti efnistökkunnar á Ingólfsfjalli er fyrirhugaður á þessu svæði, en ljóst er að neikvæð sjónræn áhrif efnistökkunnar verða veruleg ef staðið verður á sama hátt að verki eins og gert var við efnistöku á þessu svæði árið 2004.


**2. Áfangi:** Fyrirhugað er að taka 2.000.000 m<sup>3</sup> af efni. Flatarmál svæðisins er 2,5 ha og er áætlað vinnsludýpi allt að 80 m. Efnistaka í 1. og 2. áfanga mun mynda samfellt námusvæði á


fjallinu. Fyrirhugað er að standa á svipaðan hátt að efnistöku á þessu svæði og í 1. áfanga þ.e. að ýta efni niður af fjallinu niður í Þórustaðanámu. Líklegt að lækka þurfi efsta hluti rásar sem flytja á efni af svæðinu samfara lökkun námubotns. Frambrún fjallsins mun því lækka á þessu svæði og innsýn í námuna aukast með tímanum. Ekki er í kynningarskýrslu fjallað um hugsanlegar breytingar á ásýnd fjallsins vegna þessa áfanga né hvernig koma megi í veg fyrir eða draga úr áhrifum efnistökkunnar á ásýnd Ingólfsfjalls.

**Niðurstaða:** Umhverfisstofnun telur að 2.045.000 m<sup>3</sup> efnistaka á Ingólfsfjalli gæti haft umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér af eftirfarandi ástæðum:

1. Stærð og umfangi efnistökkunnar.
2. Sammögnunaráhrifum með þeirri námu sem fyrir er, þ.e. Þórustaðanámu. Ekki virðast liggja fyrir neinar áætlanir um frágang þeirrar námu, þannig að náma uppi á Ingólfsfjalli með ófrágenginni Þórustaðanámu mun valda verulegri breytingu á ásýnd Ingólfsfjalls.
3. Umhverfisáhrifum þeirra vinnubragða sem felast í því að efni er rutt fram af fjallinu, fjallsbrúnin brotin niður og geil mynduð í fjallshlíðina. Samkvæmt því vinnulagi sem lýst er mun efnistaka á þessum stað hafa verulega neikvæð sjónræn áhrif í för með sér.

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson

  
Helgi Jónsson  
Forstöðumaður